

Ráðstöfun mjólkur og innflutningur

ÞRÓUN SÖLU MJÓLKURVARA Á LIÐNUM ÁRUM


Heildarsala mjólkurvara í kílóum og lítrum dróst saman um 1,1% milli ára 2011 og 2012, í magni er samdrátturinn um 613 tonn. Samdráttinn má rekja til minni sölu á Nýmjólk, Undanrennu og sýrðum afurðum, en sala þessarar vöruflokka minnkaði um 1,4 milljónir lítra milli ára. Sala osta, skyrs, viðbits og dufts jókst milli ára, osta um 139 tonn, skyrs um 133 tonn, viðbits um 71 tonn og dufts um 36 tonn. Sala rjóma jókst einnig um 61 þús. lítra milli ára.

Tafla 3. Sala mjólkurvara í lítrum og kg á liðnum árum.

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr og kg					Breyting til 2012	
	1995	2000	2010	2011	2011	frá 2000	frá 2011
Mjólk og sýrðar vörur	49.173.814	46.846.306	46.019.573	44.255.045	43.201.116	-7,8%	-2,4%
Rjómi og sýrður rjómi	1.948.610	2.040.739	2.333.831	2.415.253	2.476.652	21,4%	2,5%
Skyr og skydrykkir	1.387.218	1.875.837	3.023.405	2.995.308	3.128.162	66,8%	4,4%
Viðbit	1.656.215	1.518.387	1.857.719	1.863.958	1.935.406	27,5%	3,8%
Ostar	3.466.138	3.937.832	5.245.193	5.379.408	5.518.229	40,1%	2,6%
Duft	566.017	627.966	702.761	679.741	715.792	14,0%	5,3%
SAMTALS ALLS	58.198.012	56.847.067	59.182.482	57.588.713	56.975.357	0,2%	-1,1%


SALA UMREIKNUÐ Í LÍTRA MJÓLKUR MIÐAÐ VIÐ FITU OG PRÓTEIN

Umreiknað á fitu var sala á ferskvörum 39,9% af heildarsölu mjólkurvara árið 2012, hlutfallið er rúmu 1% lægra en árið 2011. Heildarhlutur birgðavaranna viðbits, osta og dufts í umreiknaðri sölu miðað við fitu var 60,0%.



Mynd 3. Hlutfallsleg skipting á sölu mjólkur milli vöruflokka miðað við fitu árið 2012.

Hlutur ferskværa umreiknað á próteingrunn var um 48,5% og lækkaði um tæpt 1% af heildinni milli ára. Hlutur birgðavarananna var 51,5% árið 2012 í umreiknaðri sölu miðað við prótein. Tilfærslan milli ferskværa og birgðavara skýrist af minni minnkandi sölu drykkjarmjólkur og aukinni sölu osta, skyrs, viðbits og dufts.



Mynd 4. Hlutfallsleg skipting á sölu mjólkur milli vöruflokka miðað við prótein árið 2012.

HEILDARSALA UMREIKNUÐ Á FITU OG PRÓTEIN

Sala árið 2012 umreiknuð á fitu var 114,1 milljónir lítra. Aukning milli ára er 2,6 milljónir lítra. Sala umreiknuð á prótein árið 2012 var 115,5 milljón lítra og aukning milli ára var 1,8 milljón lítra milli ára. Sala á fitugrunni árið 2012 var 1,3 milljónum lítra undir sölu á próteingrunni og minnkaði munurinn um 0,9 milljónir lítra á árinu. Haldi sama þróun áfram nær sala á fitu- og próteingrunni jafnvægi árið 2013.

Tafla 4. Sala almanaksáranna 1994 til 2012 umreiknuð í lítra mjólk miðað við fitu og prótein.

Ár	Sala umreiknuð í lítra mjólkur		Mismunur a) - b)
	a) m.v. fitu	b) m.v. prótein	
1994	100.371.827	100.676.081	-304.254
1995	99.672.749	100.589.877	-917.128
1996	99.235.580	101.502.943	-2.267.363
1997	98.132.786	102.679.047	-4.546.261
1998	99.653.460	102.949.213	-3.295.753
1999	98.859.848	103.535.918	-4.676.070
2000	97.973.767	105.980.738	-8.006.971
2001	98.225.242	107.972.717	-9.747.475
2002	96.754.124	106.209.452	-9.455.328
2003	96.755.539	107.391.804	-10.636.265
2004	98.649.788	109.538.183	-10.888.395
2005	100.768.328	112.315.513	-11.547.185
2006	103.870.701	113.207.615	-9.336.914
2007	108.695.040	114.880.974	-6.185.088
2008	112.296.910	117.119.187	-4.822.277
2009	115.578.564	117.667.979	-2.089.415
2010	110.657.216	114.696.290	-4.039.074
2011	111.489.161	113.692.483	-2.203.322
2012	114.143.061	115.455.991	-1.321.930
Breyting frá 2011	2,38%	1,55%	-40,41%

SALA DRYKKJARMJÓLKUR

Heildarsala á Drykkjarmjólk (Nýmjólk, léttmjólk, undanrenna og fjörmjólk) var 29,9 milljónir lítra árið 2012 og minnkaði um 928 þúsund lítra frá árinu 2011. Að meðaltali hefur sala drykkjarmjólkur minnkað um tæpa 600 þús. lítra á ári síðustu tíu ár, mest síðustu þrjú ár um 900 þúsund lítra á ári. Sala drykkjarmjólkur hefur þannig minnkað um samtals 5,9 milljónir lítra (16%) síðustu 10 ár.

Tafla 5. Þróun sölu drykkjarmjólkur 1995 til 2012.

Vörutegundir						Breyting frá 1995	Breyting frá 2011
	1995	2000	2010	2011	2012		
Drykkjarmjólk, lítrar	39.742.732	36.475.849	31.734.388	30.856.332	29.927.805	-24,7%	-3,0%
SAMTALS m.v. fitu	27.309.015	22.541.960	18.782.886	18.184.309	17.475.779	-36,0%	-3,9%
SAMTALS m.v. prótein	41.334.135	38.435.063	32.850.555	32.046.046	31.234.127	-24,4%	-2,5%

INNFLUTNINGUR

Innflutningur mjólkurvara jókst um 29,6 tonn milli árana 2011 og 2012. Aukningin var mest í ostum, um 21 tonn, en einnig jókst innflutningur ferskra mjólkurvara (jógúrt og fl.) um sjö tonn.

Innflutningur mjólkurafurða minnkaði árin 2008-2010 virðist nú aukast á ný. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði reikna árlega áætlun um hvað innflutningur mjólkurvara svarar til mikillar mjólkur. Á próteingrunni reiknaðist innflutningur árið 2012 um 1,7 milljónir lítra og um 1,2 milljónir lítra á fitugrunni. Aukningin á milli ára nemur um 220.000 lítrum á próteingrunni en um 160.000 lítrum á fitugrunni. Árið 2012 voru einnig flutt inn 115 tonn af jurtaþeytu í rjómalíki, 101 tonn af gerviosti og 279 tonn af sojasafa. Innflutningur þessara eftirlíkinga af mjólkurvörum er nær óbreyttur frá árinu 2011.

Tafla 6. Innflutningur mjólkurvara á árunum 1995 til 2012, tonn.

Vöruflokkur						Breyting frá 1995	Breyting frá 2011
	1995	2000	2010	2011	2012		
Ferskvörur	10	394	46	56	64	535 %	13,5 %
Ostur	42	162	144	141	163	287 %	15,3 %
Duft	0	0	6	9	10	100 %	12,6 %
SAMTALS	52	556	196	206	236	354 %	14,7%

Heimild: Hagstofa Íslands

ÚTFLUTNINGUR


Flutt voru út um 531 tonn af smjöri og 650 tonn af undanrennudufti árið 2012. Útflutningur á skyri jókst um 35,3% milli ára og var 514 tonn árið 2012. Útflutningur á osti jókst milli ára og var 348 tonn.

Tafla 7. Útflutningur mjólkurvara á árunum 1995 til 2012, tonn.

Vöruflokkur						Breyting frá 1995	Breyting frá 2011
	1995	2000	2010	2011	2012		
Ferskvörur	0	14	155	387	521	100%	34,6%
Viðbit	89	236	530	523	531	497%	1,5%
Ostur	0	0	3	133	348	100%	161,6%
Duft	0	106	625	625	650	100%	4,0%
SAMTALS	89	356	1.313	1.668	2.050	2.205%	22,9%

BIRGÐIR VIÐBITS, OSTA OG DUFTS

Birgðir allra mjólkurvara í landinu lækkuðu árið 2012. Ostabirgðir um 191 tonn og voru 1.147 tonn í árslok, viðbitsbirgðir um 95 tonn og voru í árslok 119 tonn og duftbirgðir minnkuðu um 227 tonn og voru 352 tonn í árslok.



Mynd 5. Þróun birgðastöðu á viðbiti, ostum og dufti á árunum 2000 til 2012.

BIRGÐIR OG UMREIKNUÐ RÁÐSTÖFUN MIÐAÐ VIÐ FITU

Lækkun birgða árið 2012 var 24% miðað við fitu, eða um 3,7 milljónir lítra. Útflutningur nam um 13,5 milljón- um lítra umreiknað á fitu og jókst um 1,7 milljónir lítra frá fyrra ári.

Tafla 8. Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur árin 1999 til 2012 umreiknað í lítra af mjólk miðað við fitu.

Ár	Umreiknað í lítra mjólk m.v. fitu					
	Birgðir í upphafi	Innvegin mjólk	Seldar afurðir	Útflutningur	Birgðir í lok	Mismunur
1999	20.682.844	107.195.929	98.859.848	13.002.787	16.299.806	-283.668
2000	16.299.806	104.024.730	97.973.767	5.055.905	15.803.496	1.491.368
2001	16.028.978	106.149.593	98.225.242	12.183.156	12.354.160	-583.987
2002	12.313.930	110.761.076	96.754.124	13.111.278	13.899.793	-690.189
2003	13.899.793	108.384.120	96.755.539	14.098.246	11.010.804	419.324
2004	11.024.924	112.029.504	98.649.788	9.745.922	15.131.342	-472.624
2005	15.131.342	109.445.194	100.768.328	13.255.110	11.394.989	-841.891
2006	11.394.989	117.062.454	103.870.701	11.642.829	12.855.569	88.343
2007	12.855.569	124.816.835	108.696.926	14.378.779	15.761.108	-1.163.409
2008	15.761.108	126.051.629	112.296.910	17.807.831	12.529.694	-821.698
2009	12.529.694	125.569.461	115.578.564	12.717.748	13.231.296	-3.428.453
2010	12.766.209	123.178.275	110.657.216	11.111.916	14.255.427	-80.075
2011	14.255.427	124.462.110	111.489.161	11.879.927	15.317.232	31.217
2012	15.317.232	125.092.988	114.143.061	13.547.255	11.636.267	1.083.637
Breyting frá 2011	7,45%	0,51%	2,38%	14,03%	-24,03%	-3.371%

BIRGÐIR OG UMREIKNUÐ RÁÐSTÖFUN MIÐAÐ VIÐ PRÓTEIN

Birgðir umreiknaðar í lítra mjólkur miðað við prótein lækkuðu um 4,4 milljónir lítra árið 2012 eða um 20%. Útflutningur nam um 13,5 milljónum lítra á próteingrunni og jókst um 2,8 milljónir lítra milli ára.

Tafla 9. Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur árin 1999 til 2012 umreiknað í lítra af mjólk miðað við prótein.

Ár	Umreiknað í lítra mjólk m.v. prótein					
	Birgðir í upphafi	Innvegin mjólk	Seldar afurðir	Útflutningur	Birgðir í lok	Mismunur
1999	17.017.965	107.195.929	103.535.918	2.237.402	19.443.434	-1.002.860
2000	19.443.434	104.024.730	105.980.738	1.659.352	16.823.012	-994.938
2001	16.516.890	106.149.593	107.972.717	851.856	14.503.100	-661.190
2002	14.290.404	110.761.076	106.209.452	900.156	19.083.316	-1.141.444
2003	19.083.316	108.384.120	107.391.804	2.435.346	18.400.040	-759.754
2004	18.199.134	112.029.504	109.538.183	2.989.756	17.881.102	-180.403
2005	17.903.737	109.445.194	112.315.513	1.620.802	12.864.203	548.413
2006	12.864.203	117.062.454	113.207.614	1.064.256	15.500.993	153.794
2007	15.500.993	124.816.835	114.880.974	3.888.984	22.036.295	-488.424
2008	22.036.295	126.051.629	117.119.187	11.752.216	19.119.369	97.152
2009	19.119.369	125.569.461	117.667.979	7.798.665	19.817.498	-595.312
2010	19.793.402	123.178.275	114.696.290	8.635.410	20.656.645	-1.016.668
2011	20.656.645	124.462.110	113.692.483	10.665.406	21.794.533	-1.033.667
2012	21.794.533	125.092.988	114.455.991	13.504.866	17.366.590	560.074
Breyting frá 2011	5,51%	0,51%	1,55%	26,62%	-20,32%	-154%